

þeim hrepp, þar sem hann sjálfur og barnið átti heima, og lofað henni að eiga við Jökuldals- og Hlíðarhrepp. En þessi aðferð hefði í máli því, er hjer liggur fyrir, enga verulega þýðingu getað haft, og Jökuldals- og Hlíðarhreppur hefir auðsjáanlega engan skaða haft af því, að Guðmundur snjeri sjer að honum beinlínis, í stað þess fyrst að snúa sjer að dvalarhreppi barnsins, og hefir ekki komið til tals að greiða honum meðlag fyrir lengri tíma, en frá dagsetingu brjefs hans til hreppsnefndarinnar. Með því nú að nefndin eptir að hafa meðtekið þetta brjef, ekki gjörði neina ráðstöfun til, að barnið yrði flutt til sín, virðist hún þegjandi að hafa samþykkt boð Guðmundar um að fóstta barnið fyrir hreppsnefndina, og getur hún því heldur ekki komizt hjá að greiða meðlagið með því.

Hinn áfrýjaði amtsúrskurður skal því óraskaður standa, þó þannig, að Jökuldals- og Hlíðarhreppi sje frjálst, að beiðast úrskurðar Hálsahrepps í Þingeyjarsýslu eða æðra sveitarvalds um upphæð meðlagsins.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um nýtt kúgildi á Þjóðjörð. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 7. f. m. samþykkist hjer með, að kúgildi það, sem vantar á umboðsjörð Munkapverárklosturs, Ormalón í Svalbarðshrepp, sje útvegað upp á kostnað umboðs- sjóðsins fyrir það verð, sem almennt verður á ám í byggðarlaginu þar á næstkomandi vori, og að kúgildaleiga sú, sem tiltekin er í byggingarbrjefinu frá 30. apríl í ár, ekki verði heimtuð af jörðinni yfirstandandi fardagaár.

— Brjef landshöfðingja til forstjóra hins konunglega íslenska yfirdóms safn 1879. — Þar eð jeg sje mjer fært að verja allt að 100 kr. af fje því, sem veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja fyrir árið 1881, til að gefa út dómasafn fyrir árið 1879, vil jeg hjer með skora á yður, herra jústítíarius, að ráðstafa því, sem nauðsynlegt er í þessu efni, og læt jeg fylgja brjef dags. 1. þ. m. frá Einari prentara Þórðarsyni, þar sem hann býðst til að prenta tjeð safn fyrir 11 kr. hverja örk prentaða.

— Brjef landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna um styrk handa barnaskóla á Akra- nesí. — Samkvæmt tillögum stíptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 5. þ. m. hefi jeg af fje því, sem með 12. gr. C 7 fjárlaganna er lagt til barnaskóla og alþýðuskóla, veitt barnaskólanum á Skipaskaga á Akranesi 300 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð stíptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leið- beiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsályktun út af um- boðsskrá til að dæma Elliðaáamál. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. sept. þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent ráðgjafanum þingsályktun, samþykktta af neðri deild alþingis, og er í henni skorað á ráðgjafann, að fresta umboði því, er Jóni ritara Jóns- syni var veitt hinn 1. júlí þ. á. til þess ítarlegar að rannsaka og dæma ofbeldisverk þau, er framin hafa verið gegn laxakistum H. Th. A. Thomsens kaupmanns í Elliðaán- um, þar til fullnaðardómur er genginn um veiðirjett þjóðjarðarinnar Hólms og kirkju-

150 jarðarinnar Breiðholts í nefndum ám, sem og um heimild Thomsens til að þvergirða
7. nóv. Elliðaárnar; enn fremur er skorað á ráðgjafann að skipa dómsnefnd manna, er í sítti laxfróður maður, til þess að meðhöndla og dæma mál þetta á staðnum.

Út af þessu skal hjer með eigi undanfellt þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það má álitast þýðingarlaust með tilliti til úrslita þessa máls, er höfðað hefir verið af hendi hins opinbera gegn ýmsum mönnum út af broti gegn 298. og 108. grein hegningarlöganna, hvernig úrslitin verði á málum þeim, er kynnu að rísa af veiðirjetti jarðanna Hólms og Breiðholts í Elliðaánum, eða á því máli, er nú sem stendur er fyrir hæstarjetti út af rjetti nefnds Thomsens til að þvergirða Elliðaárnar. Þar að auki virðist það með tilliti til að halda uppi virðingu fyrir lögum, óskilegt, að mál þetta verði útkljáð án ónaudsynlegra tafa, og finnur ráðgjafinn því ekki ástæðu til að taka hina nefndu ályktun neðri deildar alþingis til greina.

151 — Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um veiðirjett þjóðjarðarinnar
7. nóv. Hólms í Elliðaám. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. sept. þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent ráðgjafanum þingsályktun, samþykkt af báðum deildum þingsins, þar sem alþing skorar alvarlega á landsstjórnina að höfða mál gegn Thomsen kaupmanni í nafni þjóðjarðarinnar Hólms fyrir þvergirðingar hans í Elliðaánum og þar af leiðandi veiðispilli fyrir Hólmsland, og að sjá svo fyrir, að þvergirðingarnar verði tafarlaust upptækar gjörðar úr ánum upp á ábyrgð landssjóðs, og hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það undir úrskurð ráðgjafans, hvort taka ætti tjeða þingsályktun til greina, og ef svo væri, þá á hvern hátt.

Út af þessu er ekki látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar vitundar, að ráðgjafinn hyggur það rjettast að bíða úrslita þess opinbera máls, er nú sem stendur er fyrir hæstarjetti, út af rjetti Thomsens til að þvergirða Elliðaárnar, áður en ákvörðun verður gjörð í tilefni af tjeðri þingsályktun.

152 — Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um sölu lóðarskika af Arnar-
7. nóv. hólstúninu. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 14. sept. þ. á., skýrið þjer, herra landshöfðingi, frá, að þjer, út af brjefi ráðgjafans dags. 2. júlí þ. á., hafið með breytingaruppástungu við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883 leitað og náð samþykki alþingis til, að nokkrir lóðarskikar á Arnarhóli, embættisjörð landshöfðingja, megi verða afhentir gegn 14 kr. árgjaldi til landssjóðs; þar að auki hafið þjer ítrekað tillögu yðar í brjefi dags. 3. maí þ. á. um, að ráðgjafinn samþykki, að lóðarblettur af nefndri jörð, er liggur upp að Bakarastíg, verði afhentur Sigmundi prentara Guðmundssyni gegn 10 króna árgjaldi, sem og að þeim Jóni háyfirdómara Pjeturssyni og Bergi amtmanni Thorberg verði eptirlátinn 10 álna breiður lóðarskiki, er liggur upp að norðurhlíð lóðarbletta þeirra, er þeim áður hafa seldir verið, gegn því, að lóðargjald það, að upphæð 8 kr., er þeir hingað til hvor um sig hafa goldið í landssjóð, verði frá yfirstandandi fardögum hækkað upp í 10 kr. fyrir hvorn.

Með því að frumvarp það til fjárlaga, er alþingi samþykkti, hefir náð staðfestingu konungs, lætur ráðgjafinn ekki hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ofannefndar tillögur yðar skulu hjer með samþykktar.